

REGLUR KJARARÁÐS

um starfskjör framkvæmdastjóra félaga sem eru að meirihluta í eigu ríkissjóðs og dótturfélaga þeirra

Eftirfarandi ákvæði gilda um starfskjör framkvæmdastjóra félaga sem eru að meirihluta í eigu ríkissjóðs og dótturfélaga þeirra og heyra undir kjararáð hvað varðar laun og starfskjör samkvæmt lögum um kjararáð nr. 47/2006, sbr. lög nr. 87/2009.

1. Laun

- 1.1. Kjararáð ákveður mánaðarlaun, þ.e. föst laun fyrir venjulega dagvinnu. Með mánaðarlaunum er einungis átt við laun sem eru ákvörðuð fyrir dagvinnu, þ. e. laun án eininga samkvæmt gr. 1.2. Þegar rætt er um laun í úrskurðum kjararáðs er átt við mánaðarlaun að viðbættum einingum samkvæmt gr. 1.2.
- 1.2. Til viðbótar mánaðarlaunum getur kjararáð ákveðið fastar mánaðarlegar greiðslur í formi eininga meðal annars fyrir yfirvinnu og álag sem starfinu fylgir. Eining er nú 1% af launaflokki 126 í launatöflu kjararáðs nr. 502.
- 1.3. Fyrsta desember ár hvert skal framkvæmdastjóri fá greidda desemberuppbót sem er 14 einingar.
- 1.4. Laun eru þannig ákveðin að ekki skal vera um frekari greiðslur að ræða, nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

2. Orlof

- 2.1. Orlof skal vera tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári eða 24 dagar fyrir fullt ársstarf. Framkvæmdastjóri sem náð hefur 30 ára aldri á því almanaksári, sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær 27 daga orlof. Við 38 ára aldur verður orlof 30 dagar.
- 2.2. Einingar, sbr. gr. 1.2 í reglum þessum, eru greiddar alla mánuði ársins, líka í orlofi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.
- 2.3. Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. Tímabil sumarorlofs er frá 1. maí til 15. september. Ef orlof eða hluti orlofs er tekið eftir að sumarorlofstímabili lýkur, skal sá hluti orlofsins lengjast um $\frac{1}{4}$. Sama gildir um orlof sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil samkvæmt beiðni stjórnar.
- 2.4. Óheimilt er að láta greiðslu koma í stað lágmarkstímabils launaðs árlegs orlofs (24 dagar), nema um starfslok sé að ræða.
- 2.5. Nú tekur framkvæmdastjóri ekki orlof eða hluta orlofs tiltekið orlofsár, að beiðni stjórnar, og skal þá leggja saman orlof þess árs og hins næsta til orlofstöku það ár. Frekari frestun orlofs er óheimil.

3. Endurmenntun

- 3.1. Framkvæmdastjóri sem stundar sérnám eða sækir framhalds- og/eða endurmenntunarnámskeið, með samþykki stjórnar, heldur launum og fær greiddan ferða- og dvalarkostnað samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar ríkisins, að hámarki tvær vikur á ári.

4. Greiðslur í lífeyrissjóð

- 4.1. Iðgjald launagreiðanda í lífeyrissjóð er ákveðið með hliðsjón af verðmæti lífeyrisréttinda í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og er miðað við að það sé 20% af launum, að meðtöldu framlagi í séreignasjóð.
- 4.2. Launagreiðandi greiðir iðgjald til lífeyrissjóðs að vali framkvæmdastjóra samkvæmt reglum sjóðsins. Sé framkvæmdastjóri félagi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er greitt iðgjald til sjóðsins í samræmi við reglur hans. Til viðbótar getur hann greitt til séreignasjóðs.
- 4.3. Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur.

5. Aksturs- og ferðakostnaður

- 5.1. Noti framkvæmdastjóri eigin bifreið í þágu launagreiðanda er greitt fyrir akstur samkvæmt akstursgjaldi sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd ríkisins.
- 5.2. Ferðakostnaður er greiddur samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

6. Tryggingar

- 6.1. Framkvæmdastjórar skulu njóta sambærilegs réttar vegna veikinda og slysa og forstöðumenn ríkisstofnana. Sama á við um fæðingarorlof.
- 6.2. Framkvæmdastjórar skulu tryggðir vegna dauða og örorku og skulu tryggingar eigi vera lakari en embættismönnum eru tryggðar sbr. reglur kjararáðs um almenn starfskjör embættirmanna.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Reglur þessar gilda nema einstakir úrskurðir kjararáðs kveði á um annað.

Reykjavík, 9. júní 2010

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Hallgrímsson

Rannveig Sigurðardóttir